

Ferðavenjukönnun vetur 2012 - ágríp

Helstu niðurstöður þessarar könnunar eru eftirfarandi:

A: Ferðir út fyrir búsetusvæði

- Meðalfjöldi ferða út fyrir búsetusvæði er að verða svipaður og fyrir efnahagshrun um 14 ferðir á þriggja mánaða tímabili borið saman við 11 ferðir í miðri kreppu 2009.
- Fleiri ferðast nú sem farþegar í einkabíl og notkun einkabílsins dregst saman, var 86% allra ferða 2009 en 79% 2012.
- Fólk í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins heldur áfram að sækja mikið þjónustu til höfuðborgarsvæðisins (21 ferð að meðaltali á þremur mánuðum) en ferðum frá landsbyggðakjörnum til höfuðborgarsvæðisins fjölgar ekki miðað við fyrri kannanir.
- Um 75% svarenda á landsbyggð óska eftir nýjum jarðgöngum í sínum landshluta. Svarendur á höfuðborgarsvæði óska eftir bættum almenningssamgöngum og svarendur í jaðarbyggð vilja að lokið verði sem fyrst umbótum á Suðurlandsvegi.

B: Innanlandsflug

- Meðalfjöldi flugferða í innanlandsflugi er að verða svipaður og fyrir efnahagshrun eftir nokkra lágð.
- Tæp 60% svarenda 2012 vilja ekki að flugstarfsemi fari úr Vatnsmýri. Samsvarandi tölur fyrir höfuðborgarsvæðið er 54% og landsbyggðakjarna 86%
- Um tveir þriðju hlutar flugfarþegar eiga aðalerindi vestan Elliðaárvogar í Reykjavík

C: Höfuðborgarsvæðið

- Meðalvegalengd milli heimilis og vinnustaða á höfuðborgarsvæði er um 6 km, svipað og í fyrri könnun. Meðalferðatími er einnig svipaður og í fyrri könnunum, um 11 mínútur.
- Áfram minnkar hlutdeild ferða með einkabíl í öllum ferðum á höfuðborgarsvæðinu. Var 87% allra ferða 2007 og 75% 2012.
- Notkun einkabílsins er hlutfallslega minnst í eldri hverfum Reykjavíkur og þar ganga og hjóla hlutfallslega flestir.
- Um fjórðungur svarenda 2012 sögðust hafa dregið úr notkun einkabílsins miðað við fyrir efnahagshrun. Í staðinn sögðust flestir ganga og hjóla meira og nota oftast strætó.
- Svarendur töldu mikilvægustu framkvæmd við stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins vera umbætur á gatnamótum Miklubrautar – Kringlumýrarbrautar og að Miklabraut verði lögð í stök í Hlíðahverfi.

